

## Fundargerð fundar í stjórn Læknaráðs

16. Apríl 2021

Viðstaddir (í gegnum Teams): Bergur Stefánsson, Oddný Ómarsdóttir, Þórunn Jónsdóttir, Gunnar Bjarni Ragnarsson, Björn Logi Þórarinsson, Steinunn Þórðardóttir (sem ritar fundargerð)

1. Sérnam lækna á Landspítala - staðan - Guðrún Ása Björnsdóttir verður með okkur í upphafi fundar

Því miður forfallaðist Guðrún Ása, en mun senda gögn til stjórnar á næstu dögum varðandi málið og verður með á fundi í kjölfarið um leið og tækifæri gefst.

2. Fréttir af fagráði

Þórunn Jónsdóttir, fulltrúi lækna í fagráði Landspítala, greindi frá gangi mála þar. Fagráðið hefur nú fundað tvisvar á Teams og hefur komið sér saman um starfsreglur þar sem starfsreglur sem þegar eru til fyrir önnur fagrád á sjúkrahúsum innanlands voru hafðar til hliðsjónar. Páll Matthíasson er búinn að fá starfreglurnar í hendur til umsagnar. Gert er ráð fyrir að fulltrúar fagráðsins starfi í 3 ár í senn, með möguleika á öðru 3 ára tímabili í framhaldinu. Þórunn mun deila starfsreglunum með okkur þegar þær eru endanlega samþykktar. Marta Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur verður formaður fagráðsins, ekki erúið að útnefna varaformann enn þá, en hugsunin er að varaformaðurinn verði þá mögulega formaður á næsta 3 ára tímabili. Til skoðunar er að formaður og varaformaður fái eitthvað greitt fyrir störf sín. Páll Matthíasson, eða aðrir stjórnendur spítalans, sitja ekki reglulega fundi fagráðsins.

3. Fréttir af fræðslunefnd

Stefnt er að því að fyrsti fræðslufundur Læknaráðs verði föstudaginn 14. Maí í Hringsal kl 12-13 en þá mun Gunnar Bjarni Ragnarsson flytja erindið "Byltingin getur verið blóðug - Saga tveggja Nóbelsverðlauna - Ónæmismeðferð krabbameina". Búið var að undirstinga Helgu Ágústu Sigurjónsdóttur varðandi fundarstjórn og tók hún vel í það, GBR mun staðfesta þetta við hana. Fundurinn verður einnig á Teams. GBR mun í upphafi fundar segja stuttlega frá nýrri stjórn Læknaráðs (munum reyna að vera búin að láta taka hópmynd af stjórninni sem hægt verður að varpa upp) og kynna instagram reikning stjórnarinnar.

Ásgerður Sverrisdóttir er tilbúin að starfa áfram með fræðslunefndinni, en það vantar enn fleiri aðila í hana og munum við vinna að því með haustinu að fá góðan og fjölbreyttan hóp lækna til að koma að þessu.

#### 4. Námsréttindi lækna vegna COVID

SP mun hafa samband við Kristján Dereksson varðandi að skrifa stutta ályktun frá okkur þar sem faglegi þátturinn á niðurfellingu námsréttinda verður í forgrunni og þar sem við hörmum þær afleiðingar sem niðurfelling þessara réttinda hefur á símenntun lækna og þ.a.l. þjónustu við sjúklinga.

#### 5. Vinnuaðstaða lækna á nýjum Landspítala og staða Hringbrautarverkefnisins

Næsti fundur í stjórn Læknaráðs verður föstudaginn 30. apríl kl 14, en með á þeim fundi verður stjórn FSL ásamt Benedikti Olgeirssyni framkvæmdastjóra Hringbrautarverkefnisins og Jóni Hilmarí framkvæmdastjóra rekstrarsviðs spítalans. Mikilvægt að sem flestir í stjórninni verði með á þeim fundi, en stefnt er að sameiginlegu málþingi með FSL í haust vegna þessa máls.

#### 6. Samskiptamál/samfélagsmiðlar

OÓ hefur unnið ötullega að því að ná stjórn á síðu Læknaráðs á facebook (rætt við Þorbjörn, Ebbu, Reyni o.fl.) án árangurs. BS bendir á að HUT gæti endurstíllt lykilorð fyrir netfang læknaráðs svo við komumst inn á það, en mögulega var facebook síðan búin til í gegnum það netfang. Stefnan er að eyða henni ef við komumst inn á hana, enda orðin úrelt.

Til að byrja með munum við einbeita okkur að því að auglýsa fundina á Workplace (Ásgerður Sverrisdóttir er með aðgang að læknaráðssíðunni þar) og “Íslenskir lækna” á facebook. Ályktunum og öðru slíku má einnig deila á “Íslenskir lækna”. Eins er instagram aðgangur læknaráðs tilbúinn og hægt að deila ýmsu efni þar. Til greina kemur að bæta einnig við Twitter reikningi.

OÓ er að safna saman eldri gögnum Læknaráðs af heimasíðu spítalans til að geyma á okkar Teams svæði. Upplýsingar um Læknaráð á ytri vef spítalans eru úreltar og þarf að uppfæra. Við munum lýsa hlutverki nys Læknaráðs þar stuttlega (út frá nýju starfsreglunum sem SP mun senda á stjórnina) og gefa upp meðlimi stjórnar. Einnig munum við setja inn hlekk á starfsreglurnar í heild sinni.

#### 7. Erindi frá Davíð Birni Þórissyni varðandi Heilsugátt

SP mun ræða nánar við DBP í næstu viku og taka málið upp með stjórninni í kjölfarið.

8. Önnur mál

A) GBR kemur með hugmynd að málþingi fyrir næsta vetur, þ.e. líknardráp/dánaraðstoð.

B) Við munum endurvefja gjafasjóðinn til að hægt sé að kveðja lækna sem eru að hætta störfum á hefðbundinn hatt með gjöf á desemberfundinum (Ásgerður Sverrisdóttir þekkir form desemberfundarins mjög vel og er líklega til í að stýra honum). GBR mun ræða við Elísabetu Jökulsdóttur um að vera á desemberfundinum með upplestur. Stefnt er að því að senda valkvæða kröfu um eingreiðslu í gjafasjóðinn til lækna spítalans. Þurfum þó að skoða nánar útfærsluna á því í smáatriðum.